**Sérkjarasamningur**

**milli VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna**

**og**

**Samtaka atvinnulífsins vegna almenns skrifstofufólks og þeirra sem vinna vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu hjá Flugfélags Íslands**

1. Gildistími
   Kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2018.

2. Launataxtar
   Í stað gildandi launataxta koma nýir launataxtar sbr. fylgiskjal 1.
   Launataxtar gilda frá 1. maí 2015, 1. maí 2016, 1. maí 2017 og 1. maí 2018.

3. Flugþjónustufólk sem ráðið er til eldneytisafgreiðslu á tankbílum (tankarar með meirapróf) raðast einu starfsaldursþrepi hærra í launatöflu. Þegar 7 ára starfsaldri er náð bætist við 8,5% álag á laun tankara.

4. Grein 4.3. breytist og hljóðar svo:

   Öll yfirvinna sem fer fram yfir afmarkaðan vakt skv. vaktaskrá og unnin er á tímabilinu 17:00 til 08:00 skal greidd skv. stimpilklukku með 1,0385% álagi á dagvinnukaup.
   Þegar starfsmaður er kvaddur til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans greiðist yfirvinnukaup amk. 4 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan tveggja klst. Greiða skal tvöfalt fyrir tvær fyrstu klst. í yfirvinnu í framhaldi af 12 klst vakt. Sama regla gildir um tvær klst. fyrir 12 klst vakt.
   Matar- og kaffitímar í yfirvinnu dragist ekki frá vinnutíma.

5. Hluti bílapeninga hefur verið felldur inn í grunnlaun. Frá og með gildistöku þessa samnings fá starfsmenn í fullu starfi greidda 3.000 kr. á mánuði í bílapeninga. Hlutastarfsmenn fá greitt hlutfallslega. Ferðir til og frá vinnustað sbr. gr. 3.4 í aðalkjarasamningi greiðist því ekki sérstaklega.

Reykjavík 28. maí 2015

F.h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna

Helgi Sv. Jóhannsson

F.h. VR

Elías Magnússon

Hafdís Emils

Sigurbjörg Unnur Guðmundsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna Flugfélags Íslands

Ingv. Þórtonl.

Kristín Þórs Hartoel.

**Fylgiskjal 1**

**1. maí 2015**

| | Mánaðarlaun | Dagvinna | Yfirvinna | Stórh. álag | 33% álag | 45% álag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 262.976,00 | 1.643,60 | 2.731,01 | 3.615,92 | 2.185,99 | 2.383,22 |
| Eftir 1 ár í starfi | 265.352,00 | 1.658,45 | 2.755,68 | 3.648,59 | 2.205,74 | 2.404,75 |
| Eftir 3 ár í starfi | 272.642,00 | 1.704,01 | 2.831,39 | 3.748,83 | 2.266,34 | 2.470,82 |
| Eftir 5 ár í starfi | 285.655,00 | 1.785,34 | 2.966,53 | 3.927,76 | 2.374,51 | 2.588,75 |
| Eftir 7 ár í starfi | 295.955,00 | 1.849,72 | 3.073,49 | 4.069,38 | 2.460,13 | 2.682,09 |
| Þjónustustjórar - grunnlaun | 319.068,65 | 1.994,18 | 3.313,53 | 4.387,19 | 2.652,26 | 2.891,56 |

**1. maí 2016**

| | Mánaðarlaun | Dagvinna | Yfirvinna | Stórh. álag | 33% álag | 45% álag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 277.976,00 | 1.737,35 | 2.886,78 | 3.822,17 | 2.310,68 | 2.519,16 |
| Eftir 1 ár í starfi | 280.352,00 | 1.752,20 | 2.911,46 | 3.854,84 | 2.330,43 | 2.540,69 |
| Eftir 3 ár í starfi | 287.642,00 | 1.797,76 | 2.987,16 | 3.955,08 | 2.391,02 | 2.606,76 |
| Eftir 5 ár í starfi | 301.366,03 | 1.883,54 | 3.129,69 | 4.143,78 | 2.505,11 | 2.731,13 |
| Eftir 7 ár í starfi | 312.232,53 | 1.951,45 | 3.242,53 | 4.293,20 | 2.595,43 | 2.829,61 |
| Þjónustustjórar - grunnlaun | 336.617,43 | 2.103,86 | 3.495,77 | 4.628,49 | 2.798,13 | 3.050,60 |

**1. maí 2017**

| | Mánaðarlaun | Dagvinna | Yfirvinna | Stórh. álag | 33% álag | 45% álag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 292.184,92 | 1.826,16 | 3.034,34 | 4.017,54 | 2.428,79 | 2.647,93 |
| Eftir 1 ár í starfi | 295.967,84 | 1.849,80 | 3.073,63 | 4.069,56 | 2.460,23 | 2.682,21 |
| Eftir 3 ár í starfi | 300.585,89 | 1.878,66 | 3.121,58 | 4.133,06 | 2.498,62 | 2.724,06 |
| Eftir 5 ár í starfi | 314.927,50 | 1.968,30 | 3.270,52 | 4.330,25 | 2.617,83 | 2.854,03 |
| Eftir 7 ár í starfi | 326.282,99 | 2.039,27 | 3.388,45 | 4.486,39 | 2.712,23 | 2.956,94 |
| Þjónustustjórar - grunnlaun | 351.765,21 | 2.198,53 | 3.653,08 | 4.836,77 | 2.924,05 | 3.187,87 |

**1. maí 2018**

| | Mánaðarlaun | Dagvinna | Yfirvinna | Stórh. álag | 33% álag | 45% álag |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 300.950,47 | 1.880,94 | 3.125,37 | 4.138,07 | 2.501,65 | 2.727,36 |
| Eftir 1 ár í starfi | 304.846,88 | 1.905,29 | 3.165,83 | 4.191,64 | 2.534,04 | 2.762,67 |
| Eftir 3 ár í starfi | 309.603,47 | 1.935,02 | 3.215,23 | 4.257,05 | 2.573,58 | 2.805,78 |
| Eftir 5 ár í starfi | 324.375,32 | 2.027,35 | 3.368,64 | 4.460,16 | 2.696,37 | 2.939,65 |
| Eftir 7 ár í starfi | 336.071,48 | 2.100,45 | 3.490,10 | 4.620,98 | 2.793,59 | 3.045,65 |
| Þjónustustjórar - grunnlaun | 362.318,17 | 2.264,49 | 3.762,67 | 4.981,87 | 3.011,77 | 3.283,51 |

## KJARASAMNINGUR
## milli
## VR og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna
## og
## Samtaka atvinnulífsins vegna almenns skrifstofufólks og þeirra sem vinna vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu hjá Flugfélagi Íslands

Samningur þessi er tvíþættur, annars vegar aðfararsamningur sem kveður á um framlengingu gildandi kjarasamnings til 22. júní 2011 og hins vegar kjarasamningur sem gildir frá 22. júní 2011, með þeim fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

### Aðfarasamningur

Kjarasamningur aðila framlengist óbreyttur til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

### Kjarasamningur frá 22. júní 2011

#### 1. gr.

Samningur þessi gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 ekki gildi hinn 22. júní 2011 skal sama gilda um þennan samning og falla þá öll ákvæði hans úr gildi. Verði samningar framlengdir af SA eða ASÍ til 31. janúar 2012 skal sama breyting verða á gildistíma samnings þessa. Taka þá launabreytingar 2011 gildi sem og almenn ákvæði og bókanir með samningnum.

#### 2. gr.

**Laun hækka sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| 1.6. 2011: | 4,25%. |
| 1.2. 2012: | 3,5%. |
| 1.2. 2013: | 3,25%. |

#### 3. gr.

**Launataxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta komi nýir sem undirritaðir hafa verið sérstaklega og eru hluti samnings þessa. Launataxtarnr gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

#### 4. gr.

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:
Á árinu 2011 kr. 65.400.
Á árinu 2012 kr. 57.300.
Á árinu 2013 kr. 59.200.

ÍSig
V.R.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 20.300.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 21.000.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 21.600.

**Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011**
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

**5. gr.**

**Samningsforsendur**
Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

Reykjavík, 26. maí 2011

F.h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna

Elías Magnússon

F.h. VR

Elías Magnússon
Sigurborg Unnur Guðmundsdóttir
Kristín Jónsdóttir
Páll Jóhann Kristinsson
Viðir Egilsson LÍV
LÍV

F.h. Samtaka atvinnulífsins vegna Flugfélags Íslands

Ragnheiður Sévertsen
Framkvæmdastjóri

## Launataxtar

*Flugþjónustufólk og aðrir starfsmenn*

| | 1.6.2011 | 1.2.2012 | 1.2.2013 |
|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 204.576 | 215.576 | 226.576 |
| Eftir 1 ár | 210.352 | 221.352 | 232.352 |
| Eftir 3 ár | 217.642 | 228.642 | 239.642 |
| Eftir 5 ár | 230.655 | 241.655 | 252.655 |
| Eftir 7 ár | 240.955 | 251.955 | 262.955 |

*Þjónustustjórar*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Grunnlaun | 261.059 | 273.059 | 286.059 |

Flugþjónustufólk sem ráðið er til eldsneytisafgreiðslu á tankbílum (tankarar með meirapróf) raðast einu starfsaldursþrepi hærra í launatöflu.

Fæðis- og bílapeningagreiðslur eru innifaldar í grunnlaunum. Ferðir til og frá vinnustað sbr. gr. 3.4 í aðalkjarasamnigi greiðast því ekki sérstaklega.